



Til bæjarráðs

Kópavogi, 12. maí 2025
2402741/201.00 ABS

Varðandi fyrirspurn um mönnun á leikskólum

Á fundi bæjarráðs dags. 10. Apríl 2025 óskaði bæjarfulltrúi, Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, eftir upplýsingum um mönnun á leikskólum Kópavogs í tengslum við verklag um fáliðun í leikskólum.

Í leikskólum Kópavogs er í gildi verklag vegna fáliðunar í leikskólum, sem hefur verið endurskoðað reglulega með hliðsjón af aðstæðum, síðast endurskoðað og samþykkt í leikskólanefnd, árið 2021.

Tilgangur verklagsins er að tryggja að fram fari mat á aðstæðum þegar skortur er á starfsfólki í leikskólum Kópavogsbæjar. Fáliðun telst þegar barngildi á kennara fara yfir þau viðmið sem leikskólar Kópavogs styðjast við.

Með innleiðingu Kópavogsmóðelsins hafa aðstæður og starfsumhverfi leikskóla breyst mikið, m.a. með styttri dvalartíma barna, sem birtist m.a. í því að mun færri börn eru í leikskólanum við upphaf og lok dags og leikskóladagurinn því almennt rólegri. Þessi þróun hefur haft þau áhrif að þó mönnunarvandi sé til staðar, m.a. vegna veikinda og fjarvista, þá gengur skólastjórnendum mun betur að leysa daginn án þess að koma þurfi til lokunar.

Ein af tillögum starfshóps í leikskólamálum var að stofna þyrfti svokallaða bakvarðasveit leikskóla sem skipuð væri starfsfólki sem gæti leyst af þegar á þyrfti að halda, m.a. vegna tímabundins mönnunarvanda. Bakvarðarsveit leikskóla tók til starfa í byrjun árs 2024 með tveimur starfsmönnum og sinnti tilfallandi afleysingum eftir þörfum á árinu 2024. Með fyrrgreindum breytingum á starfsumhverfi leikskóla sem Kópavogsmóðelið felur í sér hefur hinsvegar verið lítil eftirspurn eftir stuðningi bakvarðasveitar og þörfin því tæpast til staðar eins og er. Í dag er aðeins einn starfsmaður í hlutastarfi sem tilheyrir bakvarðasveit.

Þrátt fyrir þessar jákvæðu breytingar þá er það svo að í stóru sveitarfélagi eins og Kópavogi eru ávallt 1-2 leikskólar á hverjum tíma sem takast tímabundið á við erfiðleika í mönnun þegar upp koma ófyrirséðar aðstæður eins og skammtímaveikindi og aðrar fjarvistir.



Fyrirspurn

1. Fjöldi daga sem starfsemi einstakra deilda í leikskólum bæjarins hefur verið rekin undir viðmiðum um öryggismörk, bæði skólaárið 2023–2024 og það sem af er skólaárinu 2025.

Á skólaárinu 2023-2024 og það sem af er árinu 2025 hafa leikskólar ekki starfað undir öryggismörkum samkvæmt verklagi um fáliðun. Hinsvegar hafa komið upp tímabundnar aðstæður í einstaka leikskólum þar sem mönnun hefur verið ábótavant vegna skorts á starfsfólki með reynslu og fagmenntun. Í þeim tilvikum hefur leikskóladeild þurft að styðja sérstaklega við viðkomandi skóla tímabundið með ýmsum úrræðum.

2. Hvernig er haldið utan um skráningar um slík tilvik.

Síðastliðin tvö skólaár hafa tilvik þar sem leikskóladeild hefur þurft að veita sérstakan stuðning verið í 1-2 leikskólum á hverjum tíma og aðstæður ekki verið þess eðlis að ástæða væri til að halda sérstaka skráningu um þau.

3. Hvort og þá hvernig foreldrum sé tilkynnt ef barnahópurinn er undir umsjón færri starfsmanna en öryggismörk gera ráð fyrir.

Ekki hefur komið til þess að barnahópurinn hafi verið undir umsjón færri starfsmanna en öryggismörk gera ráð fyrir. Hinsvegar hefur komið til þess að of fáir starfsmenn með ásættanlega reynslu og fagmenntun hafi verið starfandi í einstaka leikskólum. Í þeim tilvikum hefur verið gripið til viðeigandi ráðstafana, m.a. með því að fá stuðning frá leikskóladeild, bakvarðasveit og öðrum leikskólum. Í þeim tilvikum hafa foreldrar verið látnir vita af mönnunarvanda og beðnir að sækja börn sín fyrir í leikskólann ef þeir hafi tök á.

Virðingarfyllt,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs

Sigrún Hulda Jónsdóttir
Deildarstjóri leikskóladeildar

